

Marpól ehf.
Laufbrekku 24 (Dalbrekkumegin)
200 Kópavogur

Reykjavík, 1. desember 2023
UST202311-001/H.G.
07.13.02

Tímabundin stöðvun markaðssetningar á Hágæða kísilhreinsi (Bio-Clean) meðan rannsókn stendur yfir

Umhverfisstofnun fór í eftirlit með þvotta- og hreinsiefnum hjá Marpól ehf. þann 2. nóvember sl. í kjölfar ábendingar. Í eftirliti kom í ljós að varan Hágæða kísilhreinsi (Bio-Clean Hard Water Stain Remover (sn: 736869499432)) uppfyllir ekki kröfur skv. efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008 sama heitis (CLP).

Umhverfisstofnun hefur umsjón með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og gegnir hlutverki lögbærs yfirvalds samkvæmt reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna. Stofnunin annast jafnframt eftirlit með framkvæmd efnalaga og reglugerða settra samkvæmt þeim sbr. XI. kafla laganna.

Samkvæmt 32. gr. laganna skulu birgjar tryggja að efni og efnablöndur sem tilbúin eru til notkunar séu merkt í samræmi við hættuflokkun þeirra. Umbúðir skulu merktar með nafni, heimilisfangi og símanúmeri birgis, magni efnis og efnablöndu, hættusetningum, varnaðarsetningum viðvörunarorðum og hættumerkjum. Framangreindar merkingar skulu vera í samræmi við kröfur CLP. Eftirlitið leiddi í ljós að merkingar á vörunni Hágæða kísilhreinsi (Bio-Clean) eru ekki í samræmi við efnalög og CLP. Samkvæmt hættuflokkun vörunnar, sem kemur fram í öryggisblaði sem var afhent í eftirliti, skal varan bera viðvörunarorð, hættusetningar, hættumerki, varnaðarsetningar og áþreifanlega viðvörun en þessar merkingar eru ekki til staðar, sbr. 32. gr. efnalaga og 17. gr. CLP og 35. gr. CLP. Þá er óheimilt að láta vöruna bera merkingar um að hún sé umhverfisvæn og sé ekki eitruð, sbr. 4. mgr. 25. gr. CLP. Umhverfisstofnun mun kalla eftir frekari gögnum frá fyrirtækinu til að ljúka megi rannsókn varðandi kröfur sem settar eru fram í öðrum reglugerðum með stoðum í efnalögum. Í kjölfar rannsókna verður fyrirtækinu send eftirlitsskýrsla auk bréfs með kröfum um úrbætur.

Markmið efnalaga er m.a. að tryggja meðferð á efnum, efnablöndum og hlutum sem innihalda efni valdi hvorki tjóni á heilsu manna og dýra né á umhverfi, sbr. 1. gr. laganna. Að mati Umhverfisstofnunar gengur markaðssetning vörunnar Hágæða kísilhreinsir (Bio-Clean) gegn framangreindu markmiði efnalaga um að tryggja að meðferð á efnum, efnablöndum og hlutum sem innihalda efni valdi hvorki tjóni á heilsu manna né dýra.

Með hliðsjón af framangreindu stöðvar Umhverfisstofnun markaðssetningu vörunnar Hágæða kísilhreinsir (Bio-Clean) tímabundið í samræmi við heimild stofnunarinnar skv. 57. gr. efnalaga. Í því felst að markaðssetning vörunnar verður óheimil þar til bætt hefur verið úr frávikum. Með markaðssetningu er átt við það að sjá þriðja aðila fyrir vörunni eða bjóða hana fram, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds. Marpól ehf. ber jafnframt, þegar í stað, að taka vöruna úr dreifingu, innkalla vöruna frá söluaðilum og úr öllum verslunum og geyma vöruna með öruggum hætti þar til bætt hefur verið úr ágöllum.

Umhverfisstofnun veitir Marpól ehf. frest til 15. desember 2023 til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Senda skal sjónarmið fyrirtækisins á netfangið ust@ust.is, merkt málsnúmerinu UST202311-001.

Tímabundin stöðvun markaðssetningar gildir þar til Umhverfisstofnun hefur samþykkt úrbætur á frávikum í samræmi við eftirlitsskýrslu sem mun berast fyrirtækinu þegar rannsókn málsins er lokið. Verði fyrirtækið ekki við kröfum stofnunarinnar um úrbætur er stofnuninni heimilt að beita frekari þvingunarúrræðum í samræmi við XIII. kafla efnalaga til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögum.

Umhverfisstofnun bendir á að ákvörðun þessi verður birt á vefsíðu stofnunarinnar í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga. Stofnunin mun jafnframt birta eftirlitsskýrslu en áður en til þess kemur verður Marpól ehf. sent afrit af skýrslunni.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða verður innheimt í samræmi við gildandi gjaldskrá Umhverfisstofnunar með síðari breytingum.

Upplýsingar um flokkun og merkingu hættulegra efna má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar (<https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-og-merking>). Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Fífu Konráðsdóttur í gegnum netfangið fifa.konradsdottir@umhverfisstofnun.is til að fá nánari upplýsingar um málið.

Virðingarfyllt

Skúli Þórðarson,
sviðsstjóri

Hlín Gísladóttir,
lögfræðingur